

1. maí 2005,
Ávarp Grétars Þorsteinssonar, forseta ASÍ í Stykkishólmi

Félagar

Enn á ný erum við saman komin til að fylgja eftir kröfum okkar og sjónarmiðum um betri kjör og réttindi til handa launafólki. Á þessum degi er einnig ástæða til að horfa yfir farinn veg og leggja mat á hvað hefur áunnist, og félagar - ég verð að segja að við getum um margt verið mjög stolt af þeim árangri sem náðst hefur.

Íslenskt þjóðfélag hefur tekið stakkaskiptum á undanförnum árum og áratugum og við erum í hópi ríkustu þjóða. Við getum státað okkur af þróuðu og tiltölulega góðu velferðarkerfi flestir hafa það fjárhagslega gott – og betra en áður. Það er þó verk að vinna, því þetta gildir sannarlega ekki um alla. Við – félagar – höfum lagt okkar af mörkum í að gera þennan árangur og þessa stöðu að veruleika.

Á sama hátt og við höfum beitt samtakamætti okkar til að knýja á um bætt kjör og réttindi þeirra sem eru á vinnumarkaði, höfum við risið til varnar þegar sótt hefur verið að kjörum þeirra sem höllum fæti standa, – eins og því miður hefur alltof oft gerst á undanförnum árum. Við höfum líka risið upp þegar okkur hefur þótt nóg um ábyrgðarleysi stjórnvalda í hagstjórninni.

Því miður eru ýmsar slíkar blikur á lofti núna – þegar öll skilyrði eiga að vera til þess að hlutirnir séu í lagi. Landsmenn hafa ekki orðið fyrir neinum ytri áföllum í hagkerfinu, mikil hagvöxtur og ofþensla í ákveðnum greinum var fyrirsjáanlegur með góðum fyrirvara og öll tók á að bregðast við.

Þegar gengið var frá kjarasamningum á almennum vinnumarkaði fyrir um ári síðan voru skilgreindar ákveðnar verðbólguviðmiðanir. Það er þó alveg ljóst, að verðbólgan er miklu meiri en þar var gengið út frá. Í apríl mældist hún 4,3% og hún væri líklega talsvert meiri ef ekki hefði komið til sérstök lækkun á matvörum og dagvörum, vegna verðstriðs lágvöruverslana sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Ennfremur er ljóst, að sterk staða íslensku krónunnar hefur dregið úr verðbólgunni en að sama skapi aukið á óvissu í atvinnumálum í iðnaði og einstökum byggðalögum.

Hvað sem öðru líður er það ljóst, að verðbólga er verulega umfram það sem kjarasamningar gengu út frá og fátt sem bendir til þess að í haust verði verðbólgan innan þeirra viðmiðana sem skilgreindar voru í kjarasamningunum. Jafnframt er alveg ljóst að þegar veikar forsendur hinnar ofursterku krónu bresta, hvort sem það verður í lok þessa árs eða á næsta ári, mun gengið hrynja líkt og við sáum árið 2001 með hratt vaxandi verðbólgu.

Ég vil nota tækifærið og vara eindregið við þeirri kenningu sem sums staðar heyrir – m.a. hjá ráðamönnum og ýmsum framámönnum í fjármálalífi – að það sé ekkert að marka þessa verðbólgu. Að það sé til góðkynja verðbólga og illkynja verðbólga. Að það sé eðlilegt að taka húsnaðisliðinn úr sambandi – af því að við græðum öll svo óskaplega mikið á hækkun húsnaðisverðs.

Það er fátt sem er veigameira í lífi og útgjöldum venjulegs fólks en húsnæðiskostnaður, 12 eða 13% af framfærslunni eftir því sem næst verður komist. Hækkun húsnæðisverðs kemur fram í fasteignasköttum, bruna- og innbústryggingum og ýmsu sem tengist rekstri íbúðahúsnæðis. Verst kemur þetta þó við ungt fólk sem er að koma sér upp húsnæði í fyrsta sinn. Síðan hefur hækkun húsnæðisverðs bein áhrif til hækkunar á skuldum heimilanna í gegnum verðtryggingu lána okkar. Ég hef í það minnsta ekki orðið var við að fjármálaspekúlantar bankanna hafi lagt það til við fjármálastofnanir að þeir kippi húsnæðisliðnum úr sambandi þegar þeir hafa reiknað verðtryggingarþátt skulda heimilanna.

Það er dálítið þannig að menn vilja halda húsnæðisliðnum inni þegar hann hentar þeim en kippa honum út fyrir sviga þegar ekki hentar að reikna hann með. Hér virðist gilda: :

Ég ætla ekki að ræða frekar um efnahagsmálin og stöðuna varðandi kjarasamningana núna – það er viðfangsefni haustsins og komandi vetrar. En félagar, höfum það þó alveg ljóst að við, félagsmenn í verkalýðshreyfingunni, verðum að búa okkur undir það að sækja það sem við eigum og er skilgreint í kjarasamningunum. Við megum ekki láta villukenningar um að það sé ábyrgðarlaust villa okkur sýn. Verðum við sökuð um ábyrgðarleysi er alveg ljóst að sú sök liggur annars staðar.

Ágætu félagar,

Ég ætla að víkja nokkrum orðum að viðfangsefni sem brennur sífellt meira á okkur í verkalýðshreyfingunni og kemur vafalaust til með að gera í enn ríkari mæli á næstu misserum. Þá er ég að tala um málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði.

Útlendingum á íslenskum vinnumarkaði hefur fjölgað mikið undangengin ár. Sú þróun hefur einkum tengst ákveðnum atvinnugreinum, eins og í fiskvinnslu, í umönnunargeiranum og í ýmsum þjónustugreinum.

Það er þekkt sums staðar út um landið að meirihluti starfsmanna í sumum fyrirtækjum er útlendingar. Ég held að mér sé óhætt að fullyrða að þessum félögum okkar hafi almennt verið vel tekið og þeir hafi skilað miklu til samfélagsins, bæði í efnahagslegu og menningarlegu tilliti. Það hefur verið vel utan um málin haldið og það hefur verið tiltölulega lítið um árekstra. Hlutirnir hafa í öllum meginatriðum verið í lagi. Í þessu sambandi má til dæmis benda á fjölmenningsamfélagið á Vestfjörðum .

Það er mikill munur á því sem hér hefur verið lýst og þeirri þróun sem við höfum orðið vitni að á undanförunum misserum. Með tilkomu framkvæmdanna við Kárahnjúkavirkjun hafa á skömmum tíma komið mörg hundruð útlendingar til starfa.

Við gerðum okkur alla tíð grein fyrir því að verk af þessari stærðargráðu yrði ekki unnið eingöngu með innlendu vinnuafli. Það var ljóst.

Það hefur hins vegar komið í ljóst, að ítalski verktakinn hefur ekki haft mikinn áhuga á að fá Íslendinga í vinnu. Ástæðan er einföld. Impregilo hafnaði að viðurkenna laun og önnur starfskjör eins og tíðkast á íslenskum vinnumarkaði og ætluðu sér frá upphafi að byggja starfsemi sína á undirboðum miðað við þær leikreglur og þau kjör sem hafa gilt á íslenskum vinnumarkaði.

Ekki nóg með að hafa forðast að ráða Íslendinga til starfa, því Impregilo hefur einnig reynt að komast hjá því að hafa fólki af evrópska efnahagssvæðinu í vinnu.

Undanfarna mánuði höfum við horft upp á þá tilhneigingu að Portúgölum – sem voru fjölmennir frá upphafi – hefur verið ýtt út og fólki utan EES ráðið í staðinn. Ég held að ég ýki ekkert þó ég haldi því fram að íslenskur vinnumarkaður hafi alls ekki verið undir þessa þróun búinn. Stjórnkerfið og stofnanir þess hafa fram undir þetta alls ekki brugðist við með viðeigandi hætti og mér liggur við að segja að þessir aðilar hafi hreint ekkert brugðist við.

Eini aðilinn sem hefur reynt að halda uppi einhverri alvöru umræðu um málið og spyrnt við fótum er verkalýðshreyfingin. Í besta falli hefur okkur tekist að tryggja starfsfólki þarna lágmarkskjör. Það hefur ekki gengið þrautalaust og hefur kostað mikla vinnu og fyrirhöfn.

Félagar,

Aðferðir ítalska verktakans Impregilo voru furðufljótar að skjóta rötum á vinnumarkaðinum. Allt of margir atvinnurekendur, einkum í byggingariðnaði og hótél- og veitingageira ásamt ferðaþjónustu hvers konar, litu á þetta sem tækifæri til að ná til sín viðskiptum með undirboðum á kjörum og aðbúnaði.

Kannski á þetta ekki að koma okkur á óvart – ýmsir aðilar, þar með talin samtök atvinnurekenda hafa meira og minna hvatt til þess að ofþenslu í hagkerfinu verði mætt með verulega auknum innflutningi vinnuafis. Þetta er hagstjórnartækni frjálshyggjunnar – stuðlum að offramboði vinnuafis, lækkuð launakostnað og drögum úr þenslu! Gegn þessu verður verkalýðshreyfingin að vinna.

Yfirskrift dagsins - Einn réttur – ekkert svindl! - er í beinu og rökréttu samhengi við þessa þróun. Hún er jafnframt í beinu sambandi við átak sem við á vettvangi Alþýðusambandsins höfum skipulagt og verður formlega hleypt af stokkunum á morgun.

Átakinu er beint gegn gegn félagslegum undirboðum og notkun ólöglegs vinnuafis til að knýja niður kjörin á íslenskum vinnumarkaði.

Í þessu sambandi verður dreift margvíslegu dreifi- og áróðursefni, sem er sniðið að þörfum mismunandi markhópa. Þannig er gefinn út bæklingur á níu tungumálum fyrir útlendinga sem hingað koma, efni fyrir talsmenn og starfsfólk verkalýðsfélaganna, sem þessi vinna kemur klárlega til með að mæða á, auk efnis fyrir atvinnurekendur og almenning.

Skilaboðin sem við viljum koma á framfæri eru þau að það tapi í rauninni allir á félagslegum undirboðum. Í fyrsta lagi tapa útlendingarnir sem um er að ræða. Þeir eru hlunnfarnir um laun, starfskjör og aðbúnað.

Í öðru lagi tapar íslenskt launafólk, því með félagslegum undirboðum er grafið undan þeim árangri sem verkalýðshreyfingin og íslenskt launafólk hefur náð með baráttu sinni í heila öld.

Í þriðja lagi tapa fyrirtækin, því með félagslegum undirboðum og svartri atvinnustarfsemi er grafið undan samkeppnisstöðu þeirra fyrirtækja sem hafa hlutina í lagi, fara að kjarasamningum og lögum og greiða sín gjöld til samfélagsins.

Í fjórða lagi tapar samfélagið í heild. Það segir sig sjálft að fyrirtæki sem standa fyrir svartri atvinnustarfsemi skila ekki sköttum og gjöldum.

Þannig er grafið undan velferðarkerfinu, menntakerfinu og heilbrigðiskerfinu – allri þeirri samfélagslegu þjónustu sem við greiðum fyrir með sköttunum okkar.

Það er því ljóst að það tapa allir. Okkar verkefni er fyrst og fremst að leiða fólki það fyrir sjónir. Þegar það hefur tekist – og ég hef ekki miklar efasemdir um að okkur muni takast það – þá verður eftirleikurinn léttari.

En góðir félagar,

Það er mikilvægt að við höfum það í huga í allri þessari vinnu og umræðu, að við erum EKKI að beina spjótum okkar að þeim útlendingum sem hingað hafa komið – oftast í góðri trú um að allt sé í lagi og þeir í fullum rétti – heldur fyrst og fremst gegn þeim atvinnurekendum sem eru að misnota erlent vinnuafli og grafa undan samfélagi okkar.

Það er mikilvægt í allri umfjöllun að við höldum þessu á lofti, við værum ekki að standa okkur í stykkinu ef við létum það viðgangast að atvinnurekendur misnotuðu þessa féлага okkar.

Það skiptir jafnframt höfuðmáli að aðrir taki þátt í þessu verkefni með okkur – þetta er eins og ég hef benti á, viðfangsefni sem snertir alla Íslendinga. Þess vegna er mikilvægt að hafa samráð við bæði samtök atvinnurekenda og stjórnvöld um málið. Þetta snertir þessa aðila auðvitað ekkert síður. Ég hef ástæðu til að ætla að þeir séu að vakna til vitundar um þær skyldur sem á þeim hvíla í þessu sambandi og leggist á áramnar með okkur.

Félagar,

Það verður þó að segjast eins og er, að undanfarin ár höfum við kallað eftir auknu samstarfi við stjórnvöld og atvinnurekendur um mál sem við höfum talið að væri allra hagur að vinna sameiginlega að. Ég er þá að vísa til tillagna okkar í velferðarmálum og síðan í atvinnumálunum í kjölfarið.

Þessum óskum um samstarf hefur verið tekið af tómlæti og sú staða sem uppi er í þessum málaflökkum er sannarlega ekki eins og við hefðum kosið. Á Íslandi eru öll skilyrði til að gera nauðsynlegar lagfæringar á velferðarkerfinu og það er með öllu óásættanlegt að hér

sé jafn mikið atvinnuleysi og raun ber vitni í hagvexti eins og nú er staðreynd. Raunar er aldrei hægt að sætta sig við atvinnuleysi, en það er fullkomlega óþolandi við aðstæður eins og nú ríkja.

Og það sem gerir það jafnvel enn verra en atvinnuleysi undanfarinna ára, er að við erum farin að sjá langtímaatvinnuleysi í ríkari mæli en nokkru sinni fyrr. Það er sannarlega mikið áhyggjuefni. Jafnframt hefur hátt hlutfall ungs fólks meðal atvinnulausra verið sérstakt áhyggjuefni.

Þessar áherslur okkar eru í beinu og rökréttu samhengi við áheslur alþjóðlegrar verkalýðshreyfingar, sem helgar árið í ár baráttunni gegn fátækt. Í alþjóðlegu samhengi er einn milljarður manna atvinnulaus í heiminum. Sex af hverjum tíu eru konur. Á sama tíma eru um 200 milljónir barna í vinnu – oft við skelfilegar aðstæður – í stað þess að vera í skóla.

Barátta okkar fyrir lagfæringum á velferðarkerfinu og gegn atvinnuleysi er því í fullu samræmi við kröfur og baráttu alþjóðlegrar verkalýðshreyfingar.

Ósk okkar um samstarf við ríkisstjórnina og atvinnurekendur í þessum málaflokkum stendur. Það hefur þó því miður verið þannig, að þegar þessum aðilum hentar ekki samstarf og samráð við okkur – þá láta þeir slíkar óskir sem vind um eyru þjóta. Ég ætla samt að leyfa mér að vona að stjórnvöld taki ósk okkar um traust samstarf í því skyni að koma í veg fyrir félagsleg undirboð og svarta atvinnustarfsemi með útlendingum á íslenskum vinnumarkaði. Það er alltof mikið í húfi til að hægt sé að láta sem allt sé í góðu lagi í þessum efnum.

Félagar.

Það er hátíð hér í Stykkishólmi af fleiri ástæðum en þeirri að við höldum hér upp á alþjóðlegan baráttudag launafólks. Hér er nú haldið upp á 90 ára afmæli verkalýðsfélagsins. Félagið er stofnað í janúar árið 1915. Félagið gekk síðan í Alþýðusambandið árið 1927. Þá var félagið 12 ára en Alþýðusambandið ári yngra, stofnað 1916.

Samleiðin er því löng – næstum 80 ár og þó Verkalýðsfélag Stykkishólms sé ekki eitt af þeim stærstu á landinu, þá er það ekki alltaf stærð félaga sem skiptir öllu, heldur samstaðan og samtakamátturinn. Það eru gömul sannindi og ný.

Ég hef stundum sagt að fyrsti maí gegni tvíþættum tilgangi, annars vegar að minna okkur á unna sigra og áfanga í verkalýðsbaráttunni og hins vegar að stilla saman strengina og brýna okkur til frekari dáða. Það sama gildir um stórafmæli eins og það sem félagið ykkar á í ár. Á slíkum stundum horfum við til baka, en einnig til framtíðar.

Sagan segir okkur að við náum ekki árangri nema með samstöðunni. Við þurfum sannarlega á henni að halda í náninni framtíð. Þá er ég bæði að vísa til þeirra verkefna sem bíða okkar í sambandi við félagsleg undirboð og málefni útlendinga, en einnig þau verkefni sem bíða okkar við endurmat kjarasamninganna.

Þess vegna skulum við ítreka það núna á alþjóðlegum baráttudegi verkalýðsins hversu mikilvægt það er að við göngum í takt. -- Það skilar okkur fram veginn.

Við tökum því heils hugar undir ávarp Alþjóðasambands frjálsra verkalýðsfélaga, þar sem segir meðal annars:

“Við krefjumst betri heims - öruggs og friðsæls heims - þar sem félagslegt réttlæti - jafnrétti - og grundvallarréttindi ríkja óskoruð. Við heitum því að gera allt sem er í okkar valdi til að byggja þennan betri heim fyrir kynslóðir framtíðarinnar.”

Félagar,

Ég vil að endingu óska ykkur enn og aftur til hamingju með 90 ára afmæli félagsins ykkar og okkur öllum til hamingju með alþjóðlegan baráttudag verkafólks. Hann tengir okkur saman, hvar sem við erum fædd, hvaða mál sem við tölum og hvar sem við eigum heima. Gleðilegt sumar.